

Skýrsla

55

um aðalfund amtsráðsins í vesturamtinu, dagana 6. og 7. júnímán. 1894.

Ár 1894, hinn 6. dag júnímán., átti amtsráð vesturamtsins fund með sjer í Stykkishólmi.

Á fundinum mætti forseti amtsráðsins, settur amtmaður Kristján Jónsson yfirdómari, og amtsráðsmennirnir Ásgeir Bjarnason, Davíð Sch. Thorsteins-son, Guðmundur Guðmundsson, Páll Ólafsson, Torfi Bjarnason og Þórður Þórðar-son. Úr Ísafjarðarsýslu mætti enginn amtsráðsmaður, en forseta voru tjáð for- föll í privatbrjefi.

Skrifari amtsráðsins kosinn Páll Ólafsson.

Amtsráðsmaður Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Þórður Þórðarson, mætti sem kosinn aðalmaður í stað Sigurðar sál. sýslumanns Jónssonar, og var tilkynning sýslumanns um kosninguna lögð fram, og ekkert við kosninguna að athuga.

Eptirfylgjandi málefni voru tekin fyrir á fundinum:

1. Forseti gjörði þá uppástungu, að amtsráðið ákvæði, að kjörtími amtsráðs- mannanna skuli talinn til 1. júní 1895, þeirra, sem nú ganga úr, samkv. lögum 11. júlí 1890, en þeirra, sem eptir verða, til 1. júní 1898, og að kjörtíminn skuli framvegis bundinn við 1. júní, og var uppástungan sam- þykkt. Þar næst var varpað hlutkesti um, hverjir úr amtsráði skuli ganga, samkvæmt nefndum lögum 11. Júlí 1890, og urðu fyrir hlutkesti þessir: amtsráðsmenn Stranda-, Ísafjarðar-, Vestur-Barðastrandar- og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og verður ráðstöfun gjörð til þess, að kosning á amtsráðsmönnum fari fram í þessum sýslum.
2. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs vesturamts- ins fyrir árið 1893.
3. Forseti lagði þarnaest fram reikning yfir búnaðarsjóð og búnaðarskólasjóð vesturamtsins 1893.
4. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkis- hólmi 1893.

Jafnaðarsjóðsreikningurinn var falinn Torfa Bjarnasyni og Guðmundi Guðmundssyni til endurskoðunar, sómuleiðis amtsbókasafnsreikningurinn. Búnaðarsjóðs- og búnaðarskólasjóðsreikningarnir voru faldir Ásgeiri Bjarna- syni, Þórði Þórðarsyni og D. Sch. Thorsteinsson til endurskoðunar.

5. Þar næst lagði forseti fram þessa sýslusjóðs- og sýsluvegareikninga:

- a. Strandasýslu 1893
- b. Ísafjarðarsýslu 1892 og 1893
- c. Vestur-Barðastrandarsýslu 1893
- d. Austur-Barðastrandarsýslu 1892 og 1893
- e. Dalasýslu 1893
- f. Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 1893
- g. Mýrasýslu 1893.

28. dag júnímán. 1894.

Torfi Bjarnason og Guðm. Guðmundsson tóku til endurskoðunar reikninga Dalasýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Ásgeir Bjarnason og D. Sch. Thorsteinsson Stranda-, Mýra- og Ísafjarðarsýslna. Þórður Þórðarson og Páll Ólafsson reikninga Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslna.

Framhald fundar 7. júní.

6. Endurskoðendur lögðu fram reikninga þá, er þeim höfðu verið faldir til athugunar:

Við: jafnaðarsjóðsreikning
búnaðarsjóðsreikning
búnaðarskólasjóðsreikning og
reikning amtsbókasafnsins
var ekkert að athuga.

Þá voru teknir fyrir sýslusjóðs og sýsluvegareikningar sýslanna:

- a. Mýrasýslu 1893. — Ekkert að athuga.
- b. Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 1893. — Ekkert að athuga.
- c. Dalasýslu. — Við reikning yfir sýsluvegagjaldið er það athugandi, að kvittun vantar fyrir 88 kr. 45 a., sem talið er greitt til vegabóta í Skarðsstrandarhreppi 1893 og fært til útgjalda.
- d. Austur-Barðastrandarsýsla 1892 — Sýslumaður og annar kjörstjórinn við alþingiskosningar, hr. Lárus Benediktsson, hafa reiknað sjer, auk dagpeninga (2 kr. á dag), einnig ferðakostnað, sem færður er til útgjalda með 10 kr. fyrir hvern, alls 20 kr. Samkvæmt 33. gr. í tilsk. um sveitastjórn 4. maí 1872 og 38. gr. kosningarlaga 14. septbr. 1877, er ekki heimild fyrir greiðslu ferðakostnaðarins, og verða því kjörstjórnarnir að endurgjalda sýslusjóði nefndar 20 kr. — Í sýsluvegareikningi sömu sýslu 1892 er gjaldliður II. c. 2. talinn Múlahreppi í staðinn fyrir Geirdalshreppi.
Sama sýsla 1893. — Ekkert að athuga.
- e. Vestur-Barðastrandarsýsla.

Sýsluvegareikningur:

gjaldaliður 1. a. telur til útgjalda 23 kr., en eptir fylgiskj. nr. 7 á hann að vera 28 kr. 76 a.

gjaldaliður 1. c. telur til útgjalda 53 kr. 00 a., en eptir fylgiskjali nr. 9 á hann að vera 53 kr. 09 a.

Við sýslusjóðsreikninginn ekkert að athuga.

- f. Ísafjarðarsýsla 1892:

α. Við sýsluvegasjóðsreikninginn athugar amtsráðið, að skýrslur um verkfæra menn vantar úr öllum hreppum, og var ákveðið að heimta þær af hlutadeigandi sýslumanni.

β. Við sama reikning athugast, að af sýsluvegagjaldi var í árslok í vörzlum oddvita 2274 kr. 79 a., sem skylt hefði verið að láta vera í sparisjóði eða á vöxtum á annan tryggilegan hátt.

Sama sýsla 1893:

- γ. Við vegasjóðsreikninginn vantar alla verkfærra lista, og er ákveðið að krefja þeirra.

Enn fremur athugast, að fylgiskjal nr. 1, vottorð eða skýrsla um sýsluvegagjaldið, er svo ógreinilegt, að upphæðin verður eigi sundur liðuð, og eigi verður sjed, hve mikið gjald kemur úr hverjum hreppi.

- δ. Eftir fylgiskjali nr. 26 hefur einhverjum Jóni Guðmundssyni verið greiddar 66 kr. 50 a., án þess sjed verði fyrir hvaða störf í þarfir sýslufjelagsins þetta gjald hafi átt að vera, eða hver heimild hafi verið fyrir greiðslunni. Reikningshaldara ber því að endurgjalda sýslusjóði tjeðar 66 kr. 50 a., nema því að eins að fullgild sönnun verði færð fyrir lögmæti gjaldliðsins.

- ε. Upphæð sú, sem greidd er til vegabóta, virðist eftir fylgiskjali 25 —34 vera kr. 938,10, en í reikningnum er að eins talið til útgjalda 892 kr. 10 a.

- ζ. Við árslok hafa verið í vörzlum oddvita fullar 1600 kr. af sýslusjóði og sýsluvegagjöldum, sem honum hefði borið að ávaxta á tryggan hátt.

g. Strandasýsla. — Ekkert að athuga.

7. Ákveðið var að verja til Ólafsdalsskólans á þessu ári:

	kr.	a.
1. Meðgjöf með 6 piltum í eldri deild á 150 kr.	900	00
2. — — 6 piltum í yngri deild á 250 —	1500	00
3. Laun forstöðumannsins	800	00
4. Laun aðstöðarkennara	350	00
5. Til verkfærakaupa og áhalda	100	00
6. Til prófdómenda	40	00
7. Vextir og afborgun af bankaláni c.	118	00
8. Til bókakaupa	50	00
	Samtals kr.:	3858 00

og skyldi til þess ganga:

1. Styrkur úr landssjóði	2500	00
2. Búnaðarskólagjald	634	00
3. Vextir af búnaðarskólasjóði	350	00
4. — — búnaðarsjóði	374	00
	Samtals kr.	3858 00

8. Áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins 1895 var samþykkt á þessa leið:

Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar	1200	00
2. Niðurjafnað gjald	1720	00
	Samtals kr.	2920 00

Gjöld:

1. Til bólusetninga	500 00
2. Kostnaður við amtsráðið	800 00
3. Til heyrnar- og málleysingja	320 00
4. Til ferðakostnaðar	100 00
5. Ýmisleg gjöld	200 00
6. Væntanlegar eptirstöðvar	1000 00

Samtals kr. 2920 00

9. Forseti lagði fram eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna, og voru þær upplesnar og athugaðar:
- Strandasýslu 22.—23. maí 1894:
Við þær var ekkert að athuga.
 - Ísafjarðarsýslu 14. ágúst 1893:
Amtsráðið finnur það athugasemdir, að við skiptingu þjóðvegagjaldsins er ekki tiltekið, á hverjum vegum 3 fjárveitingum, stafl. XI. a. f. i., skuli verja, og álitur amtsráðið það gagnstætt lögum.
 - Úr sömu sýslu 28.—30. marz 1894:
Amtsráðið gjörir þá athugasemd, að við skiptingu þjóðvegagjaldsins, er eins og f. á. við allmargar (6) fjárveitingar eigi tiltekið til hverra vega fjöru skuli verja.
 - Austur-Barðastrandarsýslu 1. júní 1893:
Með tilliti til ályktunar sýslunefndarinnar undir stafl. 7, þótti ráðinu tilefni til að leiða athygli sýslunefndanna í amtinu að því, að mjög væri æskilegt, að þær gangist fyrir því, að heyásetningar og fjárskóðanir komizt á í þeim sýslum, sem þær enn ekki hafa tíðkapt í, og að eigi virðist neitt vera því til fyrirstöðu, að borga það starf hæfilega af sveitasjóðum.
 - Sömu sýslu 2. júní 1894, og
 - Vestur-Barðastrandarsýslu 9. maí 1894:
Við þær var ekkert að athuga.
 - Dalasýslu 3. okt. 1893. Ekkert að athuga.
 - Sömu sýslu 24. febr. 1894. Ekkert að athuga.
 - Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 25. apríl 1894:
Ekkert að athuga.
 - Mýrasýslu 3. jan. 1893 og 25. maí 1894:
Við þær var ekkert að athuga.
10. Amtsráðið lagði samþykki sitt á, að svo nefndur Arnarstaðavegur verði gjörður sýsluvegur, í stað Helgafellsveggarins upp frá Stykkishólmi, eptir tillögum hlutadeigandi sýslunefndar.
11. Amtsráðið veitti kvennaskólanum í Reykjavík eptir umsókn forstöðunefndarinnar 100 kr. styrk fyrir yfirstandandi ár.
12. Amtsráðið samþykkti stofnun nýs yfirsetukvennaumdæmis í Geiradalshreppi

í Austur-Barðastrandarsýslu og Reykhólahreppi allt að Berufjarðarbotni, 55
eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar.

13. Amtsráðið felur forseta að afgreiða bænarskrá úr Vestur-Barðastrandarsýslu, um breyting á póstgöngum, til landshöfðingja, með meðmælum. Eptir tillögunum á póstleiðin að vera frá Bíldudal út að Selárdal, og, ef á þarf að halda, látinn annar póstur ganga frá Haga um Geirseeyri að Sveinseyri.
14. Amtsráðið samþykkti stofnun nýs yfirsetukvennaumdæmis í Haukadalshreppi og Miðdalahreppi norðan Miðár eptir tillögum sýslunefndar Dalasýslu.
15. Forseti lagði fram tillögu úr Ísafjarðarsýslu um skiptingu sýslnanna í tvö sýslufjelög. Amtsráðið vísaði málinu heim, sökum þess, að allar tillögur vantar um fjárskipti milli sýslupartanna, og enn fremur fyrir það, að á þeim sýslufundi, er málið var samþykkt á, voru að eins mjög fá atkvæði greidd, og ekkert úr öðru hinu fyrirhugaða sýslufjelagi. Þá er það enn að athuga, að enginn amtsráðsmaður er mættur úr Ísafjarðarsýslu á þessum fundi, og ráðinu því ómögulegt, að leita þeirra upplýsinga, sem þörf er á, og hann kynni að geta gefið.
16. Forseti lagði fram kæru frá síra Jóhanni Þorsteinssyni í Stafholti yfir því, að sýslunefnd Mýrasýslu hefur hækkað útsvar hans 1891. Amtsráðið ályktaði að senda mál þetta sýslunefnd Mýrasýslu til umsagnar.
17. Amtsráðið samþykkti eptir tillögu bókavardar amtsbókasafnsins í Stykkishólmi, að færa tillagið frá þeim, sem nota safnið, niður, svo það eptirleidis verði 1 króna á ári.
18. Fyrir fundarhúsleigu ákvað amtsráðið að greiða 10 krónur.
19. Amtsráðið samþykkti og staðfesti reglugjörð fyrir Ísafjarðarsýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld o. fl., dags. 19. okt. 1893.
20. Að gefnu tilefni frá sýslunefnd Strandasýslu og einum amtsráðsmanni fól ráðið forseta sínum að mæla með því, að brjefhirðing verði stofnuð á Kleifum í Gilsfirði.

Bókin upplesin, samþykkt og fundi slitið.

Reykjavík 16. júní 1894.

Kristján Jónsson

settur.

Reglugjörð

fyrir Ísafjarðarsýslu

um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld o. fl.

1. kafli.

Um fjármörk.

1. gr.

Sjerhver fjáreigandi er skyldur til að hafa glögg mark á fje sínu, en eigi hann kindur með vafamarki, sem hann ekki getur markað undir sitt fjár-